

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi Helgafellshverfis í Mosfellsbæ.

Samþykktar hafa verið eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Helgafellshverfis eftir meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

*Vefarastræti 1-5.*

Breytingar felast í fjölgun íbúða úr 21 í 23, fækkun stigahúsa úr þremur í tvö, tilslökun á kröfum um bílastæði þannig að fyrir hverja íbúð 70 m<sup>2</sup> og minni (var 60 m<sup>2</sup>) skuli vera 1,5 stæði innan lóðar sem megi öll vera ofanjarðar og loks stækkun lóðar um rúmlega 130 m<sup>2</sup>. Breytingin var fullnaðar-afgreidd á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2015.

*Vefarastræti 8-14 og 16-22.*

Breytingar felast í fjölgun íbúða úr 32 í 39 á hvorri lóð eða um samtals 14 íbúðir og tilslökun á kröfum um bílastæði þannig að fyrir hverja íbúð 70 m<sup>2</sup> og minni (var 60 m<sup>2</sup>) skuli vera 1,5 stæði innan lóðar sem megi öll vera ofanjarðar. Breytingin var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 26. ágúst 2015.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið tilskilda meðferð samkvæmt skipulagslögum og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 16. október 2015,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. október 2015